

23. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 28. október 2019 í Ráðhúsinu Egilsstöðum.

Fundurinn hófst kl. 12:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Hannes Karl Hilmarsson, Gunnar Jónsson, Björg Björnsdóttir, Stefá Bogi Sveinsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Þorbjörg Sandholt, Elvar Kristjánsson, Vilhjálmur Jónsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir. Hildur Þórisdóttir voru í fjarfundabúnaði.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð, var í fjarfundabúnaði.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Nefndarlaun samstarfsnefndar.

Formaður ítrekaði að fulltrúar sveitarfélaganna skili nauðsynlegum upplýsingum um kostnað við nefndarsetu í samstarfsnefnd. Greitt verður fyrir alla setna fundi, þ.m.t. íbúafundi.

3. Úrslit sameiningarkosninga 26. október 2019

Róbert fór yfir úrslit sameiningarkosninganna.

<i>Atkvæði</i>	Borgarfjarðarhreppur	Djúpavogshreppur	Fljótsdalshérað	Seyðisfjarðarkaupstaður
Já	44	156	1291	312
Nei	17	87	84	45
Auð/ógild	7	2	15	3
Atkvæði alls	68	245	1390	360
Á kjörskrá	95	314	2593	509
Kjörsókn	71,6%	78,0%	53,6%	70,7%
<i>Hlutföll</i>				
Já	64,7%	63,7%	92,9%	86,7%
Nei	25,0%	35,5%	6,0%	12,5%
Auð/ógild	10,3%	0,8%	1,1%	0,8%
Alls	100%	100%	100%	100%

Drög að bréfi til sveitarstjórnanna fjögurra lagt fram, þar sem lagt er til að stofnuð verði undirbúningsstjórn sem fyrst. Birni og Róberti falið að ganga frá bréfinu og senda á sveitarstjórnir.

Allar sveitarstjórnirnar munu funda fyrir miðjan nóvember.

- Borgarfjarðarhreppur 4. nóvember
- Fljótsdalshérað 6. nóvember
- Seyðisfjarðarkaupstaður 13. nóvember

- Djúpavogshreppur 14. nóvember.

4. Undirbúningsstjórn

Róbert fór yfir hlutverk undirbúningsstjórna skv. sveitarstjórnarlögum og ræddi um verkefni sem æskilegt er að undirbúningsstjórnin vinni. Samstarfsnefndin ræddi verkefni fram að kosningum til nýrrar sveitarstjórnar og skilgreiningu þeirra. Að mati nefndarinnar er mjög mikilvægt að halda áfram góðri upplýsingagjöf. Í því felst m.a. að veita upplýsingar um ferlið sem er framundan, þannig að starfsfólk og íbúar átti sig á því sem framundan er.

5. Frágangur verkefnisins Sveitarfélagið Austurland

Umræða um frágang verkefnisins, svo sem fjárhagslegt uppgjör og frágang skjala.

Róberti og Birni falið að gera fjárhagslegt uppgjör og leggja fram á lokafundi samstarfsnefndar.

Róberti falið að gera minnisblað um verkefnislok, þar sem m.a. verði fjallað um frágang skjala.

6. Lokafundur samstarfsnefndar

Stefnt er að lokafundi 15. nóvember.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 16:30.